



## KRJÚP VIÐ JÖTU LÁGA

Aðventukvöldvaka Lindasóknar  
í Glersalnum sunnudaginn 4. desember kl. 17

**KÓR LINDAKIRKJU  
YNGRI KÓR SALASKÓLA  
GÍTARNEMENDUR ÚR TÓNSÖLUM  
FLAUTUNEMENDUR ÚR TÓNSKÓLA KÓPAVOGS  
HINRIK ÓLAFSSON LEIKARI LES JÓLASÖGU  
SR. GUÐMUNDUR KARL BRYNJARSSON FLYTUR HUGVEKJU**

**LÉTTAR VEITINGAR Á EFTIR  
AÐGANGUR ÓKEYPIS**



3. tbl. 3. árg. - aðventa og jól 2005



## Teikning að Lindakirkju valin

Eins og fram kom í síðasta tbl. Fréttabréfs Lindasóknar sínum fundum um tillögurnar og ákvað að mæla með því valdi Byggingarnefnd Lindakirkju fimm arkitektastofur til við sóknarnefnd að gengið yrði til samstarfs við ASK að teikna hugmyndir að kirkjubyggingu. Þær eru Alark, arkitekta. Sóknarnefnd samþykkti tillögu ASK, GASSA, Studio Granda og Úti og inni. byggingarnefndar með öllum greiddum atkvæðum á Laugardaginn 29. október var haldinn kynningarfundur í sóknarnefndarfundi 29. nóvember síðastliðinn. Hér að Kríunesi á Vatnsenda þar sem arkitektar kynntu ofan er tölvuteikning frá ASK af últiti væntanlegrar hugmyndir sínar fyrir sóknarnefnd, byggingarnefnd og Lindakirkju en í byrjun næsta árs stendur til að haldin starfsfólk safnaðarins. Byggingarnefnd fjallaði síðan á verði almenn sýning á þeim hugmyndum sem bárust.

## Dagskrá aðventu og jóla

- |  |  |
|--|--|
| 4. des. 2. sd. í aðv. Jólaföndur í Lindaskóla kl. 11.<br>-Aðventukvöldvaka Lindasóknar kl. 17 (sjá baksíðu). | 24. des. Aðfangadagur. Jólastund fjölskyldunnar í Linda-skóla kl. 16<br>-Aftansöngur í Lindaskóla kl. 18 |
| 11. des. 3. sd. í aðv. Messa í Lindaskóla kl. 11. Skátar afhenda friðarljósíð frá Betlehem                   | 25. des. Jóladagur. Hátiðarguðspjónusta í Lindaskóla kl. 11 sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson pré dikar.      |
| 18. des. 4. sd. í aðv. Jólasöngvar í Lindaskóla kl. 11.<br>Porvaldur Halldórsson annast tónlistarflutning.   |  |

# Starfsfólk Lindasóknar



Guðmundur Karl Brynjarsson,  
soknarprestur.  
Netfang: gudmundur.karl@lindakirkja.is



Hannes Baldursson,  
organisti og kórstjóri.  
Netfang: hannes@lindakirkja.is



Sigríður Kjartansdóttir,  
meðhjálpari og húsvörður í  
safnaðarheimilinu.  
Netfang: sigridur@lindakirkja.is  
Safnaðarheimili Lindasóknar s. 555 4477



## ELDRI BORGARAR ATHUGIÐ!

Nýárrsamvera fyrir eldri borgara verður haldin, á vegum Ellimálaráðs Reykjavíkurþófastdæma í Háteigskirkju 3. janúar kl. 14. Gerðubergskóinn syngur. Kaffiveitingar verða í boði Háteigssóknar.

Í byrjun næsta árs hefjast samverur fyrir eldri borgara í Lindasókn sem fyrirhugaðar eru einu sinni í mánuði til að byrja með. Þær samverur verða auglystar nánar þegar nær dregur.

## Jólastund fjölskyldunnar

Á aðfangadag bíða mörg börn eftirvætingarfull eftir að jölin gangi í garð. Að venju verður jólastund fjölskyldunnar haldin á vegum Lindasóknar í Lindaskóla kl. 16 á aðfangadag og er þessi stund þegar orðin að hefð í sumum fjölskyldum. Að þessu sinni verður fluttur helgileikur auk þess sem Kór Salaskóla syngur.

## FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson.  
Fréttabréfið er gefið út í 2500 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.

  
Skír i Safnaðarheimilinu

## SKÍRNIR

**Hekla Björk** var skírð í fystu guðspjónustu vetrarins í Lindaskóla 4. september síðastliðinn. Foreldrar hennar eru Hjörðís Björg Pálmadóttir og Sigþór Reynir Kristinsson. Systkini Heklu Bjarkar eru Kristín Fjóla og Bjarki Freyr. Fjölskyldan er búsett í Hafnarfirði.

**Óskar Máni** var skírður heima í Andarhvarfi 9c þann 18. september. Foreldrar hans eru Jóna Dóra Óskarsdóttir og Óskar Rúnar Harðarson. Óskar Máni á þriggja ára systur sem heitir Sólveig Sara.

**Samúel Týr** var skírður 2. október heima í Björtusölm 7. Foreldrar hans eru Lovísa Björk Skaftadóttir og Sigþór Samúelsson. Stóru systur Samúels Týs eru þær Laufey Lind 6 ára og Móey María sem er alveg að verða fjögurra ára.

**Sara Svanhildur** var skírð heima í Galtalind 9 þann 15. október. Foreldrar hennar eru Sólveig Guðmundsdóttir og Jóhann Helgi Ólafsson. Kristófer Helgi, stóri bróðir Söru Svanhildar er nýorðinn þriggja ára.

**Elma Lind** var skírð 16. október í Lækjargötu 18 í Hafnarfirði. Foreldrar hennar eru Linda María Ólafsdóttir og Karl Kristinsson. Systkini Elmu Lindar eru Katrín María 8 ára og Kristinn 2 ára. Fjölskyldan býr í Fífulind 11.

**Hildur Ylfa** var skírð í Safnaðarheimili Lindasóknar 12. nóvember. Foreldrar hennar eru Sólveig Benedikta Pétursdóttir og Eyþór Fannar Valgeirsson. Rólant Bjarni, stóri bróðir Hildar Ylfu er 8 ára. Fjölskyldan býr í Kleifakór 23.

**Tómas Davíð** var skírður heima í Fífulind 1 þann 13. nóvember. Foreldrar hans eru Auður Lilja Davíðsdóttir og Tómas Zahniser. Eldri systir Tómasar er Sunna Dögg 8 ára.



Fermingarbörn næsta vor koma til með að vera 96 talsins. Hér í Lindasókn hefur skapast hefð fyrir því að fræðsla hefst með fermingarnámskeiði í Vatnaskógi. Það námskeið var haldið 8.-9. september.

Í vikunni á eftir voru haldin fjölskylduvöld í Hjallakirkju þar sem börnin mættu ásamt foreldrum sínum. Þar voru sýndar myndir af námskeiðinu í Vatnaskógi, farið var yfir helstu þætti fermingarstarfsins á komandi vetrí. Ennfremur var stutt fræðsla um altarissakramentið auk þess sem slegið var á léttu strengi.

Þann 7. nóvember tóku fermingarbörnin þátt í lands-

söfnun fermingarbarna. Af því tilefni fengum við góða heimsókn frá þeim Hirud og Kusse frá Eþíópíu. Sérstakt kynningarvöld var haldið fyrir fermingarbörnin og fjölskyldur þeirra í nýjum samkomusal Salaskóla þann 1. nóvember. Fjölmenni var á kynningarvöldinu og þegar þau Hirud og Kusse höfðu lokið máli sínu var mikil spurt. Þátttaka barnanna í söfnuninni var mjög góð auk þess töku foreldrar nokkurra þeirra virkan þátt. Söfnunarfólkini var almennt vel tekið en samtals söfnuðu fermingarbörn í Lindasókn einni um 250.000 krónum en á landinu öllu söfnuðust um 6,3 milljónir króna.

## ALFA NÁMSKEIÐ

- ! Tækifæri til að takast á við krefjandi spurningar lífsins.
- ! Gefandi og gott samfélag.
- ! ALFA opnar leið til sannra lífsgæða.



Kynningarfundur í Safnaðarheimili Lindasóknar 11. janúar kl. 20 og hefst ALFA námskeiðið formlega á sama stað viku síðar.

Námskeiðsgjaldi verður stillt í hóf.

Kennarar verða sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, soknarprestur og Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur.



**INGI**  
**HÓPFERÐIR**  
**55 444 66**